

Sþ. 45. Tillaga til þingsályktunar

um varnir fyrir sjávarágangi í Vestmannaeyjum.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera þegar á næsta sumri ráðstafanir til þess, að girt verði fyrir frekari skemmdir af sjávargangi en þegar eru orðnar á granda þeim — Eiði —, er skýlir Vestmannaeyjahöfn að norðanverðu.

Á s t æ ð u r.

Hin síðari ár hefir þótt talsvert á því bera, að Eiðið í Vestmannaeyjum væri að lækka vegna ágangs sjávar. Áður fyrri þóttu það hin mestu tíðindi, ef sjór „gekk yfir Eiðið“ sem kallað er, en nú skeður slíkt alloft, og þykir það meðal annars benda á, að Eiðið hafi lækkað að mun. Höfninni er vitaskuld hin mesta hættu búin, ef Eiðið lækkar enn til muna, og þykir því nauðsyn bera til, að reynt sé að girða fyrir það í tíma, að landið brotni þarna meira en orðið er.

Allt land er þarna rikiseign, eins og kunnugt er, og virðist einsætt, að ríkið verði að verja þessa eign sína skemmdum fyrir ágangi af völdum náttúruaflanna.

Þáttill. þessi er borin fram í samræmi við yfirlýstun vilja kjósenda í Vestmannaeyjum á þingmálafundi í janúarmánuði síðastl.

Telja má líklegt, að nauðsynlegar umbætur megi gera á þessum stað án þess að kaupa til þeirra annað útlent efni en steinlím, en allur annar kostnaður yrði fólgin í vinnulaunum við framkvæmd verksins.